

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks tákn máls 2024-2027 og aðgerðaáætlun

Frá Árnýju Guðmundsdóttur, fagstjóra tákn málstúlkunar hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Í upphafi vil ég þakka fyrir að málstefnan sé sett á þingmálaskrá og tekin fyrir. Við textann hef ég þó eftirfarandi athugasemdir:

III. Aðgerðaáætlun um málstefnu íslensks tákn máls 2024-2027

Aðgerðir sem falli undir meginstoð A: Máltöku tákn málsbarna:

1. Ef hugmyndin er að beita snemmtækri íhlutun er aðgengi að ÍTM hluti af þeirri íhlutun, ekki leið sem ætti að nýta þegar aðrar leiðir hafa verið fullreyndar. Aðgengi barna að máli er gríðarlega mikilvægt fyrir þroska þeirra og hvort heldur sem þau alist upp sem tákn málsbörn og síðar tákn málsfólk eða ekki er aðgengi þeirra að tákn máli á fyrstu stigum máltöku gríðarlega mikilvægur grunnur fyrir öll þau tungumál sem barnið nýtir sér síðar á lífsleiðinni. Því ætti þessi liður að fylgja lögum nr. 61/2011, ■ 3. gr. Íslenskt tákn máli.

Íslenskt tákn máli er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.

Hver sem hefur þörf fyrir tákn máli skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt tákn máli, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða [sambætting sjón- og heyrnarskerðingar] ¹⁾ hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur.

¹⁾L. 115/2015, 23. gr. (Undirstrikun bætt við af ritara umsagnar)

Vísað er í þessa grein í 1. Grein greinargerðarinnar – sem er þá í andstöðu við aðgerðina þar sem ekki er gert ráð fyrir viðbrögðum jafnskjótt og heyrnarskerðing greinist. Til að samræma aðgerðaráætlunina við greinargerðina þarf veita þessum börnum aðgengi að tákn máli strax.

Aðgerðir sem falli undir meginstoð C: Jákvætt viðhorf:

5. Fræðsla um íslenskt tákn máli, sögu þess og menningu verði hluti af námsefni grunnskólabarna. (sleppa og á milli tákn máli og sögu, færa ábendingarfornafnið þess fram um tvö orðabil).

Greinargerð

2. Samráð

Í málsgrein tvö er talað um *tákn málsbörn* og tveimur orðum seinna segir *tákn málstalandi barna* – betra að gæta samræmis og nota alls staðar hugtakið *tákn málsbörn*.

Virðingarfyllt,

Árný Guðmundsdóttir

Fagstjóri tákn málstúlkunar hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra